



## Tillaga

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

---

**Efni tillögu:** *Skipun stýrihóps um mótun virknistefnu til ársins 2026*

Lagt er til að velferðarráð samþykki tillögu um að skipaður verði stýrihópur til að gera drög að nýrri heildstæðri virknistefnu Reykjavíkurborgar í málefnum einstaklinga sem mæta hindrunum í atvinnuleit og virkni og þurfa á þjónustu velferðarsviðs að halda. Markmiðið er að styðja við nýsköpun, virkni (störf, nám, þjálfun) og heilbrigði til að stuðla að aukinni þátttöku og virkni í samfélaginu. Stefnan verði unnin í samráði við hagsmunasamtök og notendur.

**Greinargerð:**

Velferðarráð Reykjavíkurborgar samþykkti á fundi sínum í lok árs 2020 að stofna sérstakt Virkniús í borginni þar sem haldið er utan um öll virkniúrræði velferðarsviðs borgarinnar á einum stað. Í Virkniúsi getur fólk farið margþættar leiðir í endurhæfingu í tengslum við þátttöku á vinnumarkaði eða í átt til aukinnar virkni og samfélagsþátttöku. Markmiðið er að bæta lífsgæði fólks og auka tækifæri þess í lífinu með áherslu á sjálfsstyrkingu, nám og bata.

Velferðarstefna Reykjavíkurborgar til 2030 var samþykkt í júní 2021. Fram kemur að horfa beri sérstaklega til valdeflingar, virkni einstaklinga og hvatningu til starfa, náms og tómsunda þar sem það á við. Áhersla er á að greining og leiðir til lausna og þjónustu séu sniðnar að hverjum og einum og að þörfum ört vaxandi hóps sé mætt með menningarnæmi að leiðarljósi.

Reykjavíkurborg samþykkti í upphafi árs 2022 að koma á fót atvinnu- og virknimiðlun sem er þróunarverkefni til tveggja ára þar sem áhersla er lögð á að hjálpa einstaklingum sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu, við að komast í daglega rúttínu, öðlast sjálftraust, finna starf við hæfi og veita undirbúning og eftirfylgd í störf.

Atvinnu- og nýsköpunarstefna Reykjavíkurborgar 2022-2030 var samþykkt í apríl 2022. Þar er m.a. áhersla á að virkja hæfileika allra, fagna fjölbreytileikanum og tryggja mannréttindi á vinnustað. Áhersla er á inngildingum sem felur í sér að fólk, sem annars gæti verið útilokað eða jaðarsett, sé tryggður aðgangur að tækifærum og úrræðum.

Áskoranir í velferðarþjónustu eru margar og mikilvægt að þær séu ávarpaðar í heildstæðri stefnu um virkni. Breyttar samfélagsþarfir, samsetning notandahópsins og kröfur til þjónustu kalla á nýsköpunarhugsun og breytt vinnulag um framkvæmd þjónustu og stuðnings.

Fylgiskjöl:

1. Erindisbréf stýrihóps um mótun virknistefnu, dags. 5. ágúst 2022.